

REGLUGERÐ KSÍ

um aga- og úrskurðarmál

I. kafli. ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr. Gildissvið

- 1.1. Reglugerð þessi er sett með stoð í 31. grein laga Knattspyrnusambands Íslands og samkvæmt agareglum FIFA (*FIFA Disciplinary Code*). Hún gildir um öll aga- og úrskurðarmál innan vébanda KSÍ nema mál séu sérstaklega falin öðrum úrskurðaraðilum samkvæmt lögum og reglugerðum KSÍ.

2. gr. Lögsaga og hlutverk

- 2.1. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ skal hafa lögsögu yfir þeim málefnum, sem koma upp innan vébanda Knattspyrnusambands Íslands og varða lög og reglur þess eftir því sem við á. Nefndin skal byggja niðurstöður sínar á lögum og reglugerðum KSÍ. Skulu öll aga- og úrskurðarmál innan vébanda KSÍ rekin fyrir aga- og úrskurðarnefnd KSÍ nema þau séu sérstaklega falin öðrum úrskurðaraðilum skv. lögum og reglugerðum KSÍ.
- 2.2. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ úrskurðar í öllum agamálum KSÍ og er jafnframt fyrsta dómstigi í öllum kærumálum sem upp koma innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Meginhlutverk nefndarinnar er þannig tvíþætt, annars vegar agamál og hins vegar úrskurðaraðili á fyrsta dómstigi og ráðast málsmeðferðarreglur eftir þessari skiptingu.
- 2.3. Nefndin getur beitt viðurlögum samkvæmt lögum og reglugerðum KSÍ gagnvart aðildarfélagum, forráðamönnum, leikmönnum, þjálfurum, starfsmönnum, umboðsmönnum í knattspyrnu og öðrum þeim, sem eru innan vébanda aðildarfélaga Knattspyrnusambands Íslands vegna brota þeirra á lögum KSÍ, reglugerðum KSÍ og öðrum reglum.
- 2.4. Nefndin hefur aðsetur á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands, Laugardalsvelli, 104 Reykjavík. KSÍ birtir skipan nefndarinnar hverju sinni.

3. gr. Skipan og hæfi

- 3.1. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ skal skipuð formanni og tveimur varaformönnum, sem skulu allir löglærðir, og auk þeirra fimm mönnum. Skulu þeir kosnir á knattspyrnuþingi til tveggja ára í senn.
- 3.2. Nefndin starfar samkvæmt reglugerð þessari og skulu a.m.k. þrír nefndarmenn taka þátt í ákvörðun nefndarinnar og skal a.m.k. einn þeirra vera formaður eða varaformaður.
- 3.3. Nefndarmaður er vanhæfur að fara með mál ef;
- Hann er aðili máls eða fyrirsvarsaður aðila.
 - Hann hefur gætt hagsmuna aðila varðandi efni málsins eða veitt aðila leiðbeiningar um það, umfram skyldu.
 - Hann hefur borið eða verið kvaddur til að bera vitni um atvik málsins af réttmætu tilefni eða verið mats- eða skoðunarmaður um efni málsins.
 - Hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.

- e) Hann tengist eða hefur tengst fyrirsvarsmanni eða málflytjanda með þeim hætti er segir í staflíð d).
- f) Hann tengist eða hefur tengst vitni í málinu með sama hætti og segir í staflíð d).
- g) Fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa, m.a. ef hann eða náíð skyldmenni eru félagsbundin aðila máls eða hann vanhæfur af öðrum ástæðum.

Eigi er þó um vanhæfi að ræða ef þeir hagsmunir, sem málið snýst um, eru það smávægilegir, eðli málsins er með þeim hætti eða þáttur nefndarmanns í meðferð málsins er það lítilfjörlegur að ekki er talin hætta á að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á ákvörðun.

- 3.4. Stjórn KSÍ skal skipa nefndarmann í aga- og úrskurðarnefnd til meðferðar einstaks máls ef tilskilinn fjöldi næst ekki úr kjörnum nefndarmönnum vegna vanhæfis þeirra.

II. kafli.

MÁLSMEDFERÐARREGLUR

4. gr.

Almennar málsmeðferðarreglur

- 4.1. Málsmeðferðarreglur samkvæmt reglugerð þessari skiptast í tvennt:
- a) agamál
 - b) kærsmål vegna meintra brota á lögum og reglugerðum KSÍ
- 4.2. Aga- og úrskurðarnefnd heldur fundi að jafnaði einu sinni í viku og skulu öll mál tekin fyrir á næsta fundi eftir að þau berast. Nefndarfundir skulu fara fram á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands eða í gegnum fjarfundarbúnað. Ef brýn nauðsyn krefur getur nefndin haldið fundi til úrlausnar einstakra mála. Einnig er heimilt að kalla nefndina saman, ef ætla má að mati dómsformanns, að kveðinn hafi verið upp rangur úrskurður vegna villandi eða rangra upplýsinga í skýrslu dómara og/eða eftirlitsmanns, eða þegar mót eða úrslitakeppni margra liða er leikin á einni helgi.
- 4.3. Nefndin getur ávallt í öllum málum óskað eftir skriflegum eða munnlegum athugasemdum frá Knattspyrnusambandi Íslands eða öðrum þeim er málið getur varðað.
- 4.4. Sóknaraðili að máli getur verið einstaklingur og/eða félag, sem misgert er við og hefur hagsmuni af meintu broti. Auk þess getur stjórn KSÍ eða framkvæmdastjóri KSÍ á grundvelli sérstakra heimilda vísað einstökum agamálum eða lagt fram kæru til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ. Varnaraðili getur verið stjórn KSÍ, aðildarfélag KSÍ, forráðamaður, leikmaður, þjálfari, starfsmaður, umboðsmaður í knattspyrnu og aðrir þeir, sem eru innan vébanda aðildarfélaga Knattspyrnusambands Íslands vegna brota þeirra á lögum KSÍ, reglugerðum KSÍ og öðrum reglum.
- 4.5. Aðila máls fyrir aga- og úrskurðarnefnd er heimilt að fela umboðsmanni að gæta hagsmuna sinna fyrir nefndinni. Telji nefndin að hætta sé á að málstaður einhvers málsaðila verði fyrir tjóni vegna þess að hann er ekki fær um að koma sínum sjónarmiðum að í málinu, getur formaður hennar tilkynnt slíkt til framkvæmdastjóra KSÍ sem getur þá skipað slíkum aðila talsmann í viðkomandi máli.

5. gr.

Agamál

- 5.1. Aga- og úrskurðarnefnd úrskurðar um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna KSÍ í leikjum í Íslandsmóti, bikarkeppni, meistarakkeppni svo og innanhússmótum KSÍ.

- 5.2. Jafnframt úrskurðar nefndin um önnur mál sem framkvæmdastjóri KSÍ eða aðrir, sem til þess hafa heimild, beina til nefndarinnar eða nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna knattspyrnuleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau.
- 5.3. Nefndin getur úrskurðað um alvarleg agabrot sem dómari og aðstoðarmenn hans sáu ekki í leik og brugðust því ekki við. Nefndin skal í slíkum tilfellum óska eftir athugasemdum viðkomandi aðila ásamt öðrum gögnum ef við á.
- 5.4. Félag leikmanns, þjálfara eða forráðamanns sem fær brottvísun, eða sem dómari gerir skriflegar athugasemdir við, hefur heimild til að gera skriflega athugasemd við brottvísunina/athugasemdina og, ef við á, leggja fram önnur gögn til aga- og úrskurðarnefndar til hádegis þess dags sem næsti reglulegi fundur nefndarinnar fer fram. Viðkomandi félag skal fá afrit gagna og koma með sínar athugasemdir strax eða innan þeirra tímamarka sem aga- og úrskurðarnefnd setur. Athugasemd þessi kemur ekki í veg fyrir að sá sem í hlut á fái sjálfkrafa leikbann, en getur haft áhrif varðandi þyngingu refsingar þegar mál er úrskurðað.
 - 5.4.1. Þegar leikmaður, þjálfari eða forráðamaður liðs í meistaraflokki fær brottvísun skal félag þess sem í hlut á fá senda skýrslu dómarans um brottvísunina næsta virka dag ef brottvísunin getur leitt til þyngingar, skv. starfsreglum aganefndar. Það sama á við þegar dómari gerir skriflegar athugasemdir á leikskýrslu.
 - 5.4.2. Komi í ljós að mistök hafi orðið við skráningu á leikskýrslu vegna atviks í leik er skrifstofu KSÍ heimilt, að fenginni staðfestingu dómara leiks, að leiðrétta skráningu á leikskýrslu. Félögum sem málið varðar skal tilkynnt um leiðrétta skráningu á leikskýrslu.
- 5.5. Skýrsla dómara og/eða eftirlitsmanns skal lögð til grundvallar niðurstöðu í agamálum. Ef vafi leikur á atvicalýsingu er aga- og úrskurðarnefnd m.a. heimilt að styðjast við myndbandsupptökur við ákvörðun viðurlaga vegna agabrota,
- 5.6. Nefndin skal verða við kröfu aðila um að málsmeðferð agamála fari eftir reglum um kærumál þegar mál eru alvarlegs eðlis eða geta varðað viðurlögum, skv. grein 12.1.4. og 12.1.5. Skulu þau fara í flýtimeðferð, skv. grein 6.6. Slík krafa, sem þarf að vera skrifleg, skal berast nefndinni eins fljótt og auðið er og eigi síðar en fyrir næsta reglulega fund nefndarinnar. Í kröfu skal koma fram hvort aðili óski að koma á framfæri munnlegum athugasemdum við nefndina og skal hún þá verða við því. Mál er fá kærumeðferð skv. framangreindu skulu fá sérstaka flýtimeðferð í því skyni að mögulegt leikbann geti verið samfellt. Um áfrýjun fer skv. V. kafla.

6. gr.

Kærumál

- 6.1. Einstaklingur og/eða félag, sem misgert er við og hefur hagsmuni af meintu broti hefur rétt til að leggja fram kæru til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ. Aðila sem hefur kærurétt er heimilt að beina þeirri kröfu til nefndarinnar að hann verði aðili máls og skal slík krafa koma fram eigi síðar en við aðalflutning málsins. Varnaraðili getur verið hver sá sem tilgreindur er í grein 4.4. Mál vegna greina 12.1.4., 12.1.5., 13.2.3., 14 og 15 skv. reglugerð þessari skal fara með sem kærumál og skulu þau fá flýtimeðferð þegar við á. Meðferð kærumála fyrir aga- og úrskurðarnefnd frestar ekki lágmarks sjálfkrafa leikbanni vegna brottvísunar.
- 6.2. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg, undirrituð af aðila máls eða umboðsmanni hans og berast nefndinni ásamt fylgigögnum og fullnægja eftirfarandi skilyrðum:
 - a) Nafn kæranda, kennitala, heimilisfang, símanúmer og netfang.
 - b) Nafn kærða, kennitala, heimilisfang, símanúmer og netfang.
 - c) Nafn fyrirsvarsmanns kæranda og kærða ásamt ofangreindum upplýsingum.
 - d) Skýr kröfugerð.
 - e) Lýsing helstu málavaxta.

- f) Tilvísun til þeirra laga og reglugerða, sem byggt er á í málinu.
 - g) Lýsing á helstu röksemdum.
 - h) Lýsing á helstu gögnum er fylgja kæru.
 - i) Upptalning á vitnum, sem kærandi óskar að kalla til skýrslutöku.
- 6.3. Mál telst höfðað þegar kæra berst skrifstofu KSÍ og á kærandi rétt á staðfestingu á móttöku. Áður en málið er lagt fyrir næsta fund skal formaður nefndarinnar taka afstöðu hvort einhverjir formgallar séu á kæru sem varði frávísun með úrskurði. Verði málinu ekki vísað frá vegna formgalla skal það lagt fyrir á næsta fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ til efnislegrar meðferðar.
- 6.4. Nefndin skal senda kærða (varnaraðila) án tafar og með sannanlegum hætti kæru og fylgigögn ásamt áskorun um að halda uppi vörnum í málinu. Kærða skal gefinn allt að 7 daga frestur til að skila greinargerð í málinu og skal hún fullnægja sömu kröfum og fram koma í grein 6.2., eftir því sem við getur átt. Félagi eða einstaklingi sem hefur hagsmuni af niðurstöðu máls skal einnig send afrit kæru ásamt gögnum og honum gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum í málinu.
- 6.5. Þegar öll gögn málsins hafa borist nefndinni skal nefndin taka ákvörðun um hvort mál skuli í reynd flutt, þá munnlega eða skriflega, hvort taka skuli vitna- eða aðilaskýrslur fyrir nefndinni eða annað það sem taka þarf ákvörðun um varðandi málsmeðferð málsins eftir móttöku þess.
- 6.6. Telji dómsformaður augljóst við skoðun á kæru, að brotið hafi verið gegn lögum og reglugerðum KSÍ, getur hann ákvarðað flýtimeðferð máls. Þeirri kröfu er beint til varnaraðila að hann upplýsi innan sólarhrings hvort hann hyggst hafa varnir uppi í málinu og hverjar þær séu. Komi engar varnir fram eða þær bersýnilega tilgangslausar er heimilt að kveða upp úrskurð án tafar.

*7. gr.
Frestir*

- 7.1. Kæurur vegna kærumála skulu berast aga- og úrskurðarnefnd KSÍ innan 5 daga frá því að atvik það, sem kært er bar við og skulu almennir frídagar ekki taldir þar með. Berist kærana eftir að tímamörk eru liðin vísar nefndin kærunni frá.
- 7.2. Ef skýrsla dómara og/eða eftirlitsmanns berst ekki til aga- og úrskurðarnefndar innan 3 daga eftir að leikurinn fór fram, er nefndinni heimilt að úrskurða um viðurlög án þess að skýrsla dómara og/eða eftirlitsmanns liggi fyrir.
- 7.3. Sé kærumáli vísað frá vegna formgalla hefur kærandi þriggja daga frest til að leggja fram nýja og bættu kæru til nefndarinnar. Frestur telst byrja að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagar skulu ekki taldir með.

**III. kafli.
ÚRSKURÐIR AGA- OG ÚRSKURÐARNEFNDAR**

*8. gr.
Uppkvaðning úrskurða og gildistaka*

- 8.1. Úrskurðir nefndarinnar skulu kveðnir upp svo fljótt sem verða má eftir að gagnaöflun telst lokið og málið tekið til úrskurðar. Leitast skal við að kveða upp úrskurð innan viku frá því að málið var tekið til úrskurðar.
- 8.2. Úrskurðir aga- og úrskurðarnefndar í kærumálum taka gildi við uppkvaðningu þeirra eða eins og nánar greinir í úrskurðarorði. Úrskurðir nefndarinnar í agamálum taka gildi kl. 12 á hádegi næsta dag frá birtingu þeirra nema um sjálfkrafa leikbann sé að ræða.

- 8.3. Ef augljóst er, að kveðinn hafi verið upp rangur úrskurður varðandi agamál vegna villandi eða rangra upplýsinga í skýrslu dómara og/eða eftirlitsmanns eða rangrar/ófullnægjandi skráningar eða ef rangar upplýsingar hafa borist skrifstofu KSÍ, þá er formanni aga- og úrskurðarnefndar heimilt að leiðrétta úrskurð ef um augljós mistök er að ræða. Í öðrum tilvikum skal aga- og úrskurðarnefnd halda aukafund, sbr. gr. 4.2. og leiðrétta úrskurð eða kveða upp nýjan. Nýr úrskurður skal taka gildi á hádegi næsta dag eftir uppkvaðningu.

9. gr.

Efni úrskurða

- 9.1. Úrskurðir aga- og úrskurðarnefndar í kærumálum og eftir því sem við á í agamálum skulu vera skriflegir og rökstuddir og skal eftirfarandi koma fram:
- a) Hverjir séu aðilar máls.
 - b) Kröfugerð og málavaxtalýsing.
 - c) Helstu málsástæður og röksemdir málsaðila.
 - d) Rökstuðningur og niðurstaða nefndarinnar.
 - e) Sératkvæði minnihluta, ef um slíkt er að ræða.
 - f) Greint frá heimild aðila til áfrýjunar og áfrýjunarfresti.
- 9.2. Úrskurðir skulu undirritaðir af þeim, sem þátt tóku í afgreiðslu viðkomandi máls. Afl atkvæða ræður úrslitum máls. Ef nefndin er ósammála um niðurstöðuna skal þess getið sérstaklega.

10. gr.

Birting úrskurða

- 10.1. Nefndin sendir málsaðilum staðfest endurrit úrskurða jafnskjótt og þeir hafa verið kveðnir upp með tölvupósti til formanns knattspyrnudeildar, framkvæmdastjóra og þeirra aðila sem félagið hefur tilkynnt KSÍ um eða kæranda og kærða sem getið er í kæru og greinargerð. Áhætta af mistökum við afhendingu tölvupósts hvílir alfarið á móttakanda.
- 10.2. Úrskurður nefndarinnar, ásamt rökstuðningi, skal einnig birtur á heimasíðu KSÍ strax eftir uppkvaðningu hans.

IV. kafli.

VIÐURLÖG OG REFSINGAR

11. gr.

Viðurlög í kærumálum

- 11.1. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ getur í úrskurðarorði auk efnisniðurstöðu m.a. kveðið á um eftirfarandi réttindi og skyldur aðila málsins:
- a) Úrskurðað leik ógildan, látið endurtaka hann eða dæmt um úrslit hans.
 - b) Svipt aðila rétti til að gegna trúnaðarstörfum innan knattspyrnuhreyfingarinnar (hefur ekki í för með sér missi almennra félagsréttinda eða keppnisréttar).
 - c) Óhlutgengisúrskurður, sem veldur útilokun frá þátttöku í keppni innan knattspyrnuhreyfingarinnar, um stundarsakir eða ævilangt.
 - d) Úrskurðað aðila til að greiða aðila kostnað vegna málsins telji nefndin málsgrundvöllinn tilefnislausan.

11.2. Nefndin getur beitt eftirfarandi viðurlögum:

- a) Áminning.
- b) Ávítur.
- c) Ákvarðað dagsektir gagnvart aðildarfélögum KSÍ, sem renna til KSÍ.
- d) Ákveðið sektir á aðildarfélög KSÍ.
- e) Aðrar þær refsingar er lög og reglugerðir KSÍ tiltaka og heimila.

*12. gr.
Viðurlög við agabrotum*

12.1. Viðurlög við agabrotum ákvarðast sem hér segir:

12.1.1. Leikmaður sem fær eftirfarandi fjölda áminninga á sama keppnistímabili skal úrskurðaður í leikbann sem hér segir:

- a) Í Íslandsmóti og Meistarakeppni KSÍ (telur saman)
 - 4 áminningar – bann í 1 leik í Íslandsmóti
 - 7 áminningar – bann í 1 leik í Íslandsmóti
 - 10 áminningar – bann í 1 leik í Íslandsmóti
 - Þriðja hver áminning eftir það - bann í 1 leik í Íslandsmóti
- b) Í bikarkeppni KSÍ
 - 2 áminningar – bann í 1 leik í bikarkeppni KSÍ
 - 4 áminningar – bann í 1 leik í bikarkeppni KSÍ
 - Önnur hver áminning eftir það - bann í 1 leik í bikarkeppni KSÍ

Áminningar sem leikmenn í meistaraflokki fá í undankeppni telja ekki í aðalkeppni en úrskurðir sem kveðnir hafa verið upp um leikbönn vegna þeirra gilda í keppninni. Áminningar sem leikmenn í meistaraflokki fá í aðalkeppni telja ekki að loknum 8 liða úrslitum en úrskurðir sem kveðnir hafa verið upp um leikbönn vegna þeirra gilda í keppninni.

12.1.2. Leikmaður, sem vísað er af leikvelli einu sinni eða oftár á sama keppnistímabili, skal fara sjálfkrafa í leikbann í næsta leik eða næstu leikjum sem hér segir:

- a) Í Íslandsmóti og Meistarakeppni KSÍ (telur saman)
 - brottvísun – sjálfkrafa bann í 1 leik í Íslandsmóti (eða Meistarakeppni KSÍ ef við á)
 - 2. brottvísun – sjálfkrafa bann í 2 leiki í Íslandsmóti (og Meistarakeppni KSÍ ef við á)
 - 3. brottvísun – sjálfkrafa bann í 3 leik í Íslandsmóti (og Meistarakeppni KSÍ ef við á)
 - 4. brottvísun – sjálfkrafa bann í 4 leiki í Íslandsmóti (og Meistarakeppni KSÍ ef við á)
 - o.s.frv.
- b) Í bikarkeppni KSÍ
 - brottvísun – sjálfkrafa bann í 1 leik í bikarkeppni KSÍ
 - 2. brottvísun – sjálfkrafa bann í 2 leiki í bikarkeppni KSÍ
 - 3. brottvísun – sjálfkrafa bann í 3 leiki í bikarkeppni KSÍ
 - o.s.frv.

12.1.3. Sé leikmanni vísað af leikvelli eftir að hann hefur hlotið áminningu, skal hann eingöngu hljóta refsingu í samræmi við brottvísunina, þ.e. áminningin fellur niður.

12.1.4. Sé leikmanni vísað af leikvelli fyrir ofsalega framkomu, alvarlega grófan leik eða aðra grófa óþróttamannslega framkomu, skal refsa honum með leikbanni allt að 6 leikjum.

12.1.5. Aga- og úrskurðarnefnd er heimilt að setja leikmann í tímabundið keppnisbann í öllum aldursflokkum, ef um alvarlegt eða ítrekað brot er að ræða.

- 12.2. Viðurlög aga- og úrskurðarnefndar í agamálum skal afplána í leikjum í Íslandsmóti og meistarakeppni KSÍ annars vegar og hins vegar í bikarkeppni KSÍ nema annað sé tekið fram. Viðurlög við brotum í innanhússknattspyrnu - Futsal skal fara með skv. grein 12.10. og viðurlög varðandi keppni í 7 manna liðum skal fara með skv. grein 12.11.
- 12.3. Ef leikmaður eða þjálfari á eftir að taka út agaviðurlög vegna brottreksturs þegar keppnistímabili lýkur, skal það gert í byrjun næsta keppnistímabils viðkomandi. Agaviðurlög vegna áminninga flytjast ekki á milli keppnistímabila. Flytjist leikmaður á milli aldursflokka um áramót, skal hann taka út viðurlög vegna brottreksturs í nýjum aldursflokki.
- 12.4. Þegar leikmaður hefur heimild til að leika með tveimur eða fleiri aldursflokkum á sama keppnistímabili, skal hann taka út viðurlög í þeim aldursflokki, þar sem hann hefur unnið til þeirra, þ.e. brot í hverjum einstökum aldursflokki skulu meðhöndlast sérstaklega. Í þessu sambandi greinist 1. aldursflokkur í meistaraflokk og varalið og aðrir aldursflokkar í a og b lið og skal fjalla um brot sérstaklega í hverju keppnisliði fyrir sig.
- 12.5. Þegar félag sendir fleiri en eitt lið til keppni í sama mótið skal leikmaður taka út refsingu sína með öllum liðum félagsins í mótum í sama aldursflokki sbr. þó 12.4.
- 12.6. Ef þjálfari eða forystumaður liðs sem er á leikskýrslu er áminntur af dómara eða vísað frá leikvelli, skal viðurlögum beitt eftir sömu reglum og gilda um leikmenn, þar sem þær eiga við.
- 12.7. Þjálfari eða forystumaður sem tekur út leikbann og mætir á leikstað skal vera meðal áhorfenda frá og með einni klukkustund fyrir leik og þar til dómari hefur flautað til leiklokka. Á því tímabili má viðkomandi ekki vera á leikvellingum, boðvangi, í búningsherbergjum eða annars staðar þar sem hann getur verið í tengslum við lið sitt. Ef leikmaður, sem jafnframt er þjálfari annars liðs, er úrskurðaður í leikbann, er honum heimilt að stjórna liði sínu á því tímabili, sem hann tekur út leikbann sem leikmaður.
- 12.8. Ef leikmaður, sem jafnframt er þjálfari liðsins, er úrskurðaður í leikbann, er honum óheimilt að stjórna liðinu í þeim leikjum sem hann tekur út leikbann í.
- 12.9. Til viðbótar fyrirnefndum viðurlögum getur aga- og úrskurðarnefnd beitt eftirfarandi refsingum:
- Brot samkvæmt ákvæðum 12. gr. geta varðað sektum allt að fjárhæð kr. 200.000 í meistaraflokki og kr. 50.000 í öðrum aldursflokkum. Sama gildir ef þessir aðilar verða uppvísir að óþrúðmannlegri framkomu.
 - Aðildarfélag sem fær sjö eða fleiri refsistig í sama leiknum, þar sem áminning er 1 refsistig og brottvísun 4 refsistig, skal sektað um kr. 4.000 í leikjum í meistaraflokki fyrir hvert refsistig umfram 6, en kr. 2.000 fyrir leiki í öðrum flokkum.
 - Aðildarfélag sem yfirgefur leikvöll í mótmælaskyni eða neitar að halda áfram leik má refsa með brottrekstri úr keppni, stigatapi, leikbanni á öllum leikmönnum liðsins og/eða sekta um allt að kr. 250.000.
 - Ef forystumaður aðildarfélags, sem ekki er á leikskýrslu eða áhorfandi gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum, þjálfurum eða öðrum er heimilt að sekta viðkomandi aðildarfélag um allt að kr. 200.000. Ef brot telst alvarlegt eða um ítrekun er að ræða er auk þess heimilt að setja viðkomandi lið í heimaleikjabann, þar til öryggi leikmanna, þjálfara og annarra telst tryggt.
 - Brot skv. tilkynningu framkvæmdastjóra KSÍ sbr. 20. grein hefur í för með sér refsingu eftir eðli brotsins, sekt að fjárhæð kr. 200.000 en þó ekki lægri en kr. 50.000 og/eða leikbann í tiltekinn fjölda leikja eða tímabundið.
 - Aðrar refsingar sem lög og reglugerðir KSÍ tiltaka og heimila.

- 12.10. Refsingar takast út í innanhússmótum (sem leikin eru skv. reglugerð KSÍ um innanhússknattspyrnu - Futsal) á þann hátt, að hafi leikmaður hlotið tvö gul spjöld í viðkomandi móti, skal hann fara sjálfkrafa í leikbann í næsta leik og svo í sjálfkrafa eins leiks bann fyrir hver tvö gul spjöld þar á eftir í mótinu. Fyrir brottrekstur skal hann fara sjálfkrafa í leikbann í næsta leik og fyrir brottrekstur í annað sinn í mótinu skal hann fara sjálfkrafa í tveggja leikja bann o.s.frv. Hafi dómari vísað leikmanni af leikvelli fyrir ofsalega framkomu, alvarlega grófan leik eða aðra grófa óíþróttamannslega framkomu, skal aga- og úrskurðarnefnd úrskurða leikmanninn í frekara leikbann. Viðurlög skulu ekki flytjast á milli innanhússmóta. Viðurlög vegna leikja í Íslandsmóti, bikarkeppni og meistarakeppni KSÍ verða ekki tekin út í innanhússmótum.
- 12.11 Áminningar og brottvísanir eru ekki skráðar á leikskýrslu í keppnum í 7 manna liðum og brottvísun gildir aðeins í viðkomandi leik og hefur ekki í för með sér frekara keppnisbann nema að um sé að ræða mjög alvarlegt atvik sem dómari skal þá gefa aga- og úrskurðarnefnd skýrslu um.

*13. gr.
Leyfiskerfi KSÍ*

- 13.1 Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ ákveður viðurlög við einstökum brotum á leyfiskerfi KSÍ að fengnum viðeigandi formlegum ábendingum og upplýsingum frá leyfisstjórn, sbr. það sem fram kemur hér í greininni.
- 13.2 Eftirfarandi refsíákvæði eiga við um Leyfiskerfi KSÍ:
- 13.2.1 *Starfsnefndir og ráð.*
Einstaklingar, sem eru í starfsnefndum eða ráðum sem tengjast leyfiskerfinu, eða hafa tekið að sér að vinna ákveðin verkefni fyrir leyfisstjórn og brjóta þann trúnað, sem þar er kveðið á um, skulu hljóta áminningu frá KSÍ og víkja úr öllu starfi, nefndum og ráðum sem tengjast leyfiskerfinu.
- 13.2.2 *Tímamörk ekki uppfyllt.*
Ef leyfisumsækjandi uppfyllir ekki sett tímamörk um framlagningu leyfisgagna skal hann sæta viðurlögum. Við ákvörðun þeirra skal taka mið af því hve alvarlegt brotið er. Eftirfarandi viðurlögum er hægt að beita:
- a) Viðvörðun og sekt; við fyrsta brot skal beita dagsektum að upphæð kr. 3.000 fyrir hvern dag sem líður þangað til viðeigandi gögnum hefur verið skilað, að hámarki kr. 100.000.
 - b) Áminning og sekt; við ítrekað brot skal beita dagsektum að upphæð kr. 5.000 fyrir hvern dag sem líður þangað til viðeigandi gögnum hefur verið skilað, að hámarki kr. 200.000.
 - c) Stigatap; við alvarlegt og ítrekað brot er jafnframt heimilt að draga allt að 3 stig frá félaginu í deildarkeppninni.
- Ítrekunarkvöð fellur niður ef tímamörk hafa verið uppfyllt í 3 ár samfleytt.
- 13.2.3 *Röng leyfisgögn.*
Félag, sem verður uppvíst að því að hafa vísvitandi lagt fram röng eða fölsuð gögn/skjöl með umsókn um þátttökuleyfi, skal sæta viðurlögum. Við ákvörðun þeirra skal taka mið af því hve alvarlegt brotið er. Eftirfarandi viðurlögum er hægt að beita:
- a) Viðvörðun og sekt, að upphæð allt að kr. 100.000.
 - b) Áminning og sekt, að upphæð allt að kr. 200.000.
 - c) Stigatap; ef brotið telst alvarlegt og vísvitandi er jafnframt heimilt að draga allt að 6 stig frá félaginu í deildarkeppninni.
 - d) Afturköllun þátttökuleyfis; við mjög alvarlegt og ítrekað brot getur KSÍ afturkallað þátttökuleyfi félagsins í deildinni, og hefur þar með heimild til að vísa félaginu úr deildinni til loka keppnistímabilsins. Jafnframt getur félagið ekki tekið þátt í Evrópukeppni. Félag, sem hefur verið vísað úr deild til loka keppnistímabils, skal leika einni deild neðar að ári.

13.2.4 *Forsendur sem leiða til viðurlaga ef þær eru ekki uppfylltar.*

Ef forsenda er ekki uppfyllt, sem er skilgreind þannig að slíkt leiðir aðeins til viðurlaga, sbr. grein 15 í Leyfisreglugerð KSÍ, skal taka mið af eftirfarandi viðurlögum:

- a) Fyrsta skipti, viðvörðun og sekt að upphæð allt að kr. 25.000.
- b) Annað skipti, áminning og sekt að upphæð allt að kr. 75.000.
- c) Eftir það, áminning og sekt að upphæð allt að kr. 150.000.

Ítrekunarkvöð fellur niður ef forsendan hefur verið uppfyllt í 3 ár samfleytt.

13.2.5 *Frekari viðurlög.*

Frekari viðurlög geta átt við í sérstökum tilfellum, eins og að skylda félag til að senda réttindalausán þjálfara á þjálfaranámskeið til að afla sér tilskilinna réttinda innan ákveðinna tímamarka, o.s.frv.

14. gr.

Óeðlileg áhrif á úrslit leiks

- 14.1. Hver sem tengist, eða rökstuddur grunur er um að tengist, beint eða óbeint, ráðagerð um óeðlileg afskipti af úrslitum leikja með þeim hætti að ekki samræmist íþróttamannslegum leikreglum skal sæta viðurlögum sbr. grein 14.3.
- 14.2. Í tilvikum þar sem leikmaður, forsvarsmáður félags, starfsmaður leiks eða félags tekur þátt í atferli í samræmi við grein 14.1. er heimilt að beita viðkomandi viðurlögum sbr. grein 14.3.
- 14.3. Viðurlög vegna brota í samræmi við greinar 14.1. og 14.2. skal ákvarðast á grundvelli alvarleika máls og felast í eftirfarandi:
 - a) Leikbanni, tímabundnu eða ótímabundnu
 - b) Tímabundnu eða ótímabundnu banni frá allri knattspyrnulegri starfsemi
 - c) Í alvarlegum tilfellum skal útiloka viðkomandi frá allri þátttöku í knattspyrnu eða knattspyrnumálum ævilangt
 - d) Í alvarlegum tilfellum er heimilt að draga eitt stig eða fleiri af aðildarfélagi í deildakeppni, fella um deild eða vísa félagi úr keppni.

15. gr.

Mismunun

- 15.1. Hver sá sem misbýður öðrum einstaklingi eða hópi með fyrirlitningu, mismunun eða niðurlægingu í orði eða verki varðandi kynhneigð, kynferði, trúarbrögð, skoðanir, þjóðernisuppruna, kynþátt, litarhátt, og stöðu að öðru leyti skal sæta leikbanni í að minnsta kosti 5 leiki og banni frá viðkomandi leikvelli. Jafnframt skal félag viðkomandi sæta sekt að lágmarki að upphæð kr. 100.000. Ef sá brotlegi er forsvarsmáður liðs skal sekt félags nema að lágmarki kr. 150.000.
- 15.2. Ef hópur (leikmanna og/eða forsvarsmanna liðs) frá sama félagi/liði brýtur samtímis gegn ákvæði greinar 15.1. skal viðkomandi félag/lið að auki missa þrjú stig í viðkomandi keppni við fyrsta brot en 6 stig við annað brot. Sé um ítrekuð brot að ræða er heimild til þess að fella lið um deild. Í tilvikum þar sem ekki er um stigakeppni að ræða (bikarkeppni/útsláttarkeppni) er heimilt að víkja viðkomandi liði úr keppni.
- 15.3. Ef stuðningsmenn liðs brjóta gegn ákvæði 15.1. á meðan á leik stendur skal viðkomandi félag sæta sekt að lágmarki kr. 150.000 án tillits til saknæmrar háttsemi eða yfirsjónar félagsins.
- 15.4. Ef um alvarleg brot áhorfenda er að ræða er heimild til aukinna viðurlaga s.s. að leikir séu leiknir án áhorfenda, leikur dæmdur tapaður eða hann ógiltur, frádrætti stiga í stigakeppni eða brottvísun úr móti/keppni.

- 15.5. Áhorfandi eða áhorfendur sem brjóta gegn ákvæði 15.1. skulu sæta a.m.k. tveggja ára leikvallabanni.

V. kafli.
ÁFRÝJUN

16. gr.

Áfrýjun til áfrýjunardómstóls KSÍ

- 16.1. Heimilt er að áfrýja til áfrýjunardómstóls KSÍ öllum úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar í kærumálum.
- 16.2. Almennt verður úrskurðum nefndarinnar í agamálum ekki skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ nema í eftirfarandi undantekningartilfellum:
- a) Úrskurði nefndarinnar um þriggja leikja bann eða þyngri refsingu. Leikbanni sem leikmaður fær sjálfkrafa skv. 12. grein verður ekki áfrýjað. Fáir leikmaður þyngri refsingu en sem nemur sjálfkrafa leikbanni þarf þynging refsingar að vera tveir leikir eða meira til þess að máli verði áfrýjað. Einungis er heimilt að áfrýja þeim hluta refsingar sem lítur að hinni þyngdu refsingu í þessum tilvikum.
 - b) Úrskurði nefndarinnar um viðurlög og refsingar sem nema hærri fjárhæð en kr. 50.000,-.
 - c) Úrskurði nefndarinnar á grundvelli greinar 12.9.c).
 - d) Úrskurði nefndarinnar um heimaleikjabann á grundvelli 12.9.d).
 - e) Áfrýjunardómstóll KSÍ getur heimilað áfrýjun annarra úrskurða í agamálum í undantekningartilvikum ef dómstóllinn telur sérstakar ástæður fyrir hendi. Skrifleg beiðni þar að lútandi skal send formanni dómsins innan tveggja virkra daga frá því úrskurður aga- og úrskurðarnefndar var kveðinn upp. Beiðni um áfrýjun skal vera rökstudd og með henni skulu fylgja afrit af úrskurði aga- og úrskurðarnefndar og önnur gögn ef við á. Formaður áfrýjunardómstóls skal tilkynna aðilum eins fljótt sem verða má um hvort áfrýjun sé heimil á grundvelli sérstakra ástæðna.
- 16.3. Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ skal vera 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.
- 16.4. Áfrýjun mála frestar réttaráhrifum úrskurðar að undanskildum sjálfkrafa leikbönum skv. 12. grein sem leikmenn taka út þegar í stað.
- 16.5. Um meðferð áfrýjunarmála fyrir áfrýjunardómstól KSÍ fer að öðru leyti eftir lögum KSÍ og reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól KSÍ.

17. gr.

Áfrýjun til áfrýjunardómstóls ÍSÍ

- 17.1. Heimilt er að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ þeim málum áfrýjunardómstóls KSÍ, sem varða Ólympíusáttmálann eða túlkun á honum.

18. gr.

Endanleg niðurstaða

- 18.1. Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ um ágreiningsefni sem ekki verður skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ er endanlegur og bindandi fyrir málsaðila. Verður þeim úrskurðum ekki skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ eða annarra dómstóla innan íþróttahreyfingarinnar. Jafnframt skuldbinda aðilar sig til að skjóta ágreiningi, sem úrskurðað hefur verið um af aga- og úrskurðarnefnd KSÍ, ekki til almennra dómstóla.

VI. kafli.
ÝMIS ÁKVÆÐI

19. gr.

Fundargerðir og úrskurðir

- 19.1. Í fundargerð skal færa meginefni þess, sem fram kemur á fundum nefndarinnar. Endurrit fundargerðar má afhenda þeim, sem hefur lögvarinna hagsmuna að gæta, en skal að jafnaði ekki birt opinberlega.
- 19.2. Nefndin skal einnig halda sérstaka skrá yfir úrskurði. Úrskurðir skulu vera aðgengilegir og birtir á heimasíðu KSÍ.

20. gr.

Ósæmileg framkoma

- 20.1. Framkvæmdastjóra KSÍ er heimilt að vísa til aga- og úrskurðarnefndar atvikum sem skaðað geta ímynd knattspyrnunnar eða þeirra sem þátt taka í leiknum. Slík atvik hafa þá ekki komið fram í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanns á leiknum en geta verið hvers kyns ósæmileg framkoma á leikstað eða á annan hátt opinberlega.
- 20.2. Framkvæmdastjóri KSÍ skal skila greinargerð til nefndarinnar ásamt gögnum máli sínu til stuðnings og skal fara með slík mál eins og um kærsmål sé að ræða, eins og við getur átt.

21. gr.

Lyfjæftirlit

- 21.1. Mál vegna meintrar lyfjamisnotkunar íþróttamanna skal farið með samkvæmt lyfjareglum Lyfjæftirlits Íslands, lögum ÍSÍ um lyfjamál og/eða reglugerð FIFA um lyfjamisnotkun eftir því sem við á.

22. gr.

Niðurfelling refsingar

- 22.1. Knattspyrnuþing er heimilt með minnst 2/3 greiddra atkvæða að fella niður refsingu eða veita úrskurðuðum aðila full réttindi að nýju innan knattspyrnuhreyfingarinnar.

23. gr.

Önnur ákvæði

- 23.1. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ setur sér nánari starfsreglur sem samþykktar skulu af stjórn KSÍ.
- 23.2. Agareglur FIFA (*FIFA Disciplinary Code*) eru ákvæðum þessarar reglugerðar til fyllingar, eftir því sem við á.

24. gr.

Gildistaka

- 24.1. Reglugerð þessi er sett með stoð í 20. og 31. grein laga KSÍ og öðlast þegar gildi.

Samþykkt af stjórn KSÍ 24. janúar 2022